



Selfossi 16. desember 2022

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

4. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu haldinn föstudaginn 16. desember 2022, kl. 14.00 í slökkvistöðinni í Hveragerði.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Pétur Pétursson sem ritaði fundargerð.

Eftir að stjórn hafði farið vettvangsferð um slökkvistöðina í Hveragerði og kynnt sér aðstæður, bauð formaður fundarmenn velkomna og setti fund kl. 14:00.

1. **Vettvangsheimsókn eftirlitsaðila til hjólhýsasvæða í sýslunni**

Pétur greindi stjórn frá vettvangsheimsókn eftirlitsaðila þar sem svæði sem hafa hjólhýsi voru skoðuð. Í ferðina fóru fulltrúar eldvarnaeftirlits Brunavarna Árnæssýslu, Lögreglunnar á Suðurlandi og byggingafultrúa uppsveita. Pétur fór yfir greinagerð sem unnin var í kjölfar vettvangsheimsóknanna.

2. **Bréf til stjórnar BÁ frá íbúa Árborgar**

Stjórn tók til umræðu bréf er borist hafði til stjórnar frá íbúa í Árborg er lítur að eldvarnaeftirliti. Pétur kynnti fyrir stjórn það lagaumhverfi er eldvarnaeftirlit starfar í og hverjar heimildir og skyldur eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er. Einnig kynnti Pétur greinagerð sem unnin var af deildarstjóra eldvarnaeftirlits Brunavarna Árnæssýslu vegna málsins. Stjórn telur ekki ástæðu til frekari aðgerða af hálfu Brunavarna Árnæssýslu og felur slökkviliðsstjóra að svara bréfinu.

3. **Úttekt Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar á slökkvistöðvum BÁ**

Pétur fór yfir skýrslu Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar sem gerð var í kjölfar úttektar HMS á Brunavörnum Árnæssýslu. Úttektin var framkvæmd árið 2021.

Rætt var um ástand slökkvistöðva BÁ með hliðsjón af úttektaskýrslu HMS. Ljóst er að slökkvistöðvar liðsins á Flúðum, Laugarvatni, Reykholti og Þorlákshöfn uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru til slökkvistöðva. Stjórn stefnir á að heimsækja allar starfsstöðvar Brunavarna Árnæssýslu í upphafi nýs árs og kynna sér aðstæður.

4. **Ráðning varaslökkviliðsstjóra BÁ**

Stjórn í samráði við slökkviliðsstjóra ákvað að ráða Lárus Kristinn Guðmundsson sem varaslökkviliðsstjóra Brunavarna Árnæssýslu en hann sótti um stöðuna að undangenginni auglýsingu.

5. **Tíðni funda stjórnar á árinu 2023**

Stjórna setti niður fundartíma vegna stjórnarfunda á árinu 2023.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið kl. 16:00

Pétur Pétursson  
Lárus Kristinn Guðmundsson

Helgi Kjartansson  
Árni Eiríksson  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir